



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um leiðbeiningar frá BUGL til að stytta biðlista**

Þann 4. október 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um leiðbeiningar frá BUGL til að stytta biðlista:

*Flokkur fólksins spyr hvort velferðarsvið geti hugsað sér að skoða þá leið sem farin hefur verið á BUGL en þeim hefur tekist farsælega að stytta biðlista. Lagt er til að velferðaryfirvöld leiti til starfsfólks BUGL um leiðbeiningar og ráðgjöf hvernig stytta megi biðlista svo farsælega sem þeim hefur tekist að gera það. Tekist hefur að stytta biðlista umtalsvert þar með skipuritsbreytingum sem gerðu það að verkum að starfsfólk BUGL gat farið í nauðsynlega innri endurskoðun á ferlum og þjónustu við börn. Það sem gert var á BUGL var að vinnulagi var töluvert breytt og það skilaði árangri. Meðal biðtími hjá BUGL er um fimm mánuðir en hjá borginni jafnvel mörg ár. Reykjavíkurborg hefur vissulega breytt sínu kerfi og nýtur starfsfólk einna helst góðs af því í gegnum lausnateymi og málástjóra en börnin sjálf fá ekki að hitta sálfræðing eins og áður. Biðlisti borgarinnar í dag er 2.380. Á tveimur árum hefur biðlisti eftir fagfólki skólaþjónustu lengst verulega en 2021 biðu 1448 börn eftir fagþjónustu skólaþjónustunnar. Á fjórða hundrað barna bíða eftir að komast á helstu námskeið á vegum borgarinnar s.s. PMTO foreldranámskeið, Klóka krakka og fleiri námskeið.*

### **Svar**

Í fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins kemur fram að Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL) hafi náð að stytta biðlista en það hafi verið gert með skipuritsbreytingum, endurskoðun á ferlum og breytingu á vinnulagi. Upplýsingar þar um hafa einnig komið fram í fréttum fjölmiðla en velferðarsvið hefur ekki ítarlegri upplýsingar um með hvaða hætti BUGL hefur náð að stytta biðlista að öðru leyti en með skipulagsbreytingum og auknu fjármagni. Mögulega kann líka að vera um að ræða að stofnunin hafi endurskilgreint markhóp þjónustunnar, t.d. með tilkomu nýrrar Geðheilsumiðstöðvar barna á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Nú er yfirstandandi hjá Reykjavíkurborg innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn en fyrir innleiðingu höfðu farið fram ferlagreiningar, sem leiddu til breytinga á vinnulagi og umtalsverðar skipulagsbreytingar þar sem skóla- og frístundasvið og velferðarsvið borgarinnar sameinuðu krafta sína í þágu betri og samræmdari þjónustu við börn. Breytingarnar hafa það m.a. að markmiði að veita snemmtæka íhlutun og stytta þar með biðlista eftir þjónustu. Það er mat velferðarsviðs að innleiðing verkefnisins sé of stutt á veg komin til að raunhæft sé að vænta árangurs á þessu stigi. Vel er fylgst með biðlistum á velferðarsviði og þeir stöðugt greindir. Eftir nokkra mánuði þegar innleiðingin er vel á veg komin verður staðan tekin á ný.

Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið eru ávallt tilbúin að leita allra leiða til að einfalda ferla, samhæfa þjónustu og stytta biðlista. Ef velferðarráð óskar eftir því að fá ítarlegri upplýsingar



Reykjavíkurborg

um þjónustu BUGL og þær leiðir sem farnar hafa verið til að stytta biðlista er velferðarsvið reiðubúið til að hafa milligöngu um að útvega slíka kynningu.